

Alþingi  
Erindi nr. P 137/163  
komudagur 11.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. júní 2009

Efni: Tillögur til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu

38. mal

Fyrirtæki innan Samtaka ferðaþjónustunnar samþykktu samhljóða eftir farandi ályktun á aðalfundi sínum 27. mars s.l.

Ályktun um ESB

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 27. mars 2009 á Grand Hótel Reykjavík beinir því til ríkisstjórnar Íslands að hafnar verði viðræður við Evrópusambandið um aðild Íslands og upptöku evru með skýr samningsmarkmið og gengið að þeim loknum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Samkvæmt viðhorfskönnun sem gerð var meðal félagsmanna SAF um Evrópumál í nóvember 2008 eru 83% félagsmanna hlynnt því að evra verði tekin upp sem gjaldmiðill á Íslandi í stað íslensku krónunnar. Samkvæmt sömu könnun voru 77% félagsmanna hlynnt því að Ísland tækju upp aðildarviðræður við ESB. „

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar skorar á þingmenn að koma sér saman um eina tillögu í stað tveggja. Fyrirtækin í landinu búa við óþolandi starfsskilyrði sem stendur og þurfa fyrst og fremst nothæfan gjaldmiðil og samkeppnishæfa vexti. Þau geta ekki og vilja ekki í þessu árferði þurfa að fylgjast með þingmönnum karpa um smáatriði þegar mikið er í húfi.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna hauksdóttir  
framkvæmdastjóri